

47. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 7. desember 2007 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Fjárhagsáætlun næsta árs 2. Starfsmannamál 3. Nordiskt privatarkivseminarium 26.-28. 11. 2007 í Helsinki. 4 Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. **Fjárhagsáætlun.** Breyting frá fjárhagsáætlun síðasta árs er að pappír og ritföng lækka vegna þess að nú hafa skjalamöppur verið greiddar og eru til sem birgðir. Að öðru leyti eru liðir svipaðir og áður með hækkun vegna verðlagshækkana. Heildarupphæðin er kr. 22.462.000. Hæsti liðurinn er mánaðarlaun, kr. 8.941.000 sem yrði væntanlega að hækka ef fengist að ráða starfsmann. Húsaleiga er áætluð kr. 4.716.000 og er áætluð fyrir núverandi húsnæði en sérstakra úrræða gæti þurft að leita ef tekið verður á leigu húsnæði með öðrum stofnunum Kópavogsbæjar.
2. **Starfsmannamál.** Héraðsskjalavörður lagði fram minnisblað um starfsmannamál Héraðsskjalasafns Kópavogs. Nú eru 2.5 stöðugildi við Héraðsskjalasafnið. Deildarstjóri menningarmála Kópavogsbæjar, Guðbjörg Linda Udengård, hefur lagt fyrir að starfslýsingar þurfi að vera til í safninu, t.d. er engin lýsing til á starfi héraðsskjalavardar og ekki heldur á starfi nýs starfsmanns sem sótt er um að fá að ráða.

Stjórnin samþykkti að Gunnar Marel Hinriksson verði ráðinn í fullt starf í desember og janúar en hann fer síðan til framhaldsnáms.

3. **Nordiskt privatarkivseminarium 26.-28. 11. 2007 í Helsinki.** Héraðsskjalavörður sótti þetta málþing og gerði stjórn grein fyrir því. Hrafn hélt erindi í fyrstu lotu málþingsins um hvernig varðveislu einkaskjalasafna á Íslandi er háttað. Erindið verður prentað með öðru efni málþingsins. Mikið var rætt á málþinginu um aðfangastefnu í skjalasöfnum, um hið erfiða verkefni að meta hvað sé varðveislúvert, hverju eigi að sækjast eftir og hverju skuli taka við. Einnig var rætt um afhendingarsamninga sem oft eru með ákvæði um hvernig nota má skjöl úr einkaskjalasöfnum.
4. **Önnur mál.** a) Lagt var fram bréf bæjarritara frá 4.12.2007 til stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs v/46.fundargerðar frá 25.10.2007, liðar 8.a. „Bæjarráð beinir því til nefndarinnar að hún haldi sig við núverandi nafn Héraðsskjalasafnsins.“ b) Ársritið 2006 kemur ekki út á þessu ári og verður þá horfið að því að gefa út saman ársritin 2006 og 2007 á árinu 2008.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.30
Fundarritari Bjarni Ólafsson